



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

„Þetta eru engin geimvísindi“

Að kenna á hljóðfæri sem maður kann ekki á

Bríet Finnsdóttir

Lokaverkefni til B.Mus.Ed-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Vorönn maí 2024

„Þetta eru engin geimvísindi“

Að kenna á hljóðfæri sem maður kann ekki á

Bríet Finnsdóttir

Lokaverkefni til B.Mus.Ed-prófs í Klassískri Söng- og hljóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Elín Anna Ísaksdóttir

Klassísk hljóðfæra- og söngkennsla

Tónlistardeild

Vorönn Maí 2024

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til B.Mus.Ed-prófs í Klassískri hljóðfæra- og söngkennslu við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Á Íslandi er útbreitt tónlistarskólakerfi um landið allt og gegnir það mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Í aðalnámskrá tónlistarskóla kemur fram að kennsluhættir eigi að einkennast af fjölbreytni þar sem tekið er tillit til væntinga og þarfa nemenda, áhugasvið þeirra séu margbreytileg og því þurfi að tryggja gott aðgengi að fjölbreyttu tónlistarnámi. Í ritgerðinni er sjónum beint að tónlistarskólum í fámennari byggðarlögum landsins. Það kemur fram að mikilvægt er fyrir tónlistarskóla að hafa fjölbreytt námsúrval, það stuðli að aukinni aðsókn og auðgi tónlistarlíf skólanna og samfélagsins alls. Í minni samfélögum getur þó erfitt reynst að ráða kennara til starfa. Kennarastéttin er að eldast, nýliðun er hæg og bitnar þetta ekki hvað síst á skólum á landsbyggðinni. Ein ástæða kennaraskorts er vegna smæðar og fámennis en er einnig talin vera vegna veikrar stöðu tónlistarkennaranáms. Í smærri tónlistarskólum starfa stundum fáir kennarar og þurfa þeir því oft að kenna á mörg hljóðfæri. Sú hefð að kenna á fleira en eitt hljóðfæri virðist útbreidd. Í tónlistarskólum Austurlands er framboð hljóðfæranáms alltaf meira en starfandi kennarar við skólann. Tekin voru viðtöl við þrjá tónlistarkennara sem kennt hafa á fjöldamörg hljóðfæri og einn skólastjórnanda tónlistarskóla. Viðmælendur voru sammála um að vel sé hægt að kenna á hljóðfæri án þess að vera með mikinn grunn á hljóðfærið þó hitt sé auðvitað betra. Raunveruleikinn sé hins vegar sá að það er ekki alltaf mögulegt. Helmingur viðmælenda tóku einnig fram að þeir hafi stundað nám hjá kennurum sem ekki kunnu á þeirra hljóðfæri sem hafi ekki komið að sök. Bent er á að þættir hljóðfæranáms beinast ekki beint að hljóðfærinu svo kennari getur vel kennt þá þætti óháð hljóðfæris. Árangursríkt þykir meðal annars að læra samhliða nemendum á viðkomandi hljóðfæri. Það skapi góðan grundvöll við að kenna mikilvæg tækniatriði tengd hljóðfærinu og skapi góðan grundvöll fyrir kennslu mikilvægra tækniatriða.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Hlutverk tónlistarskóla	6
1.1 Hvaða tónlistarkennaramenntun hefur verið í boði?	7
2. Viðtöl	8
2.1 Berglind Halldórsdóttir	9
2.2 Charles Ross.....	11
2.3 Sigurlaug Björnsdóttir Blöndal.....	13
2.4 Sóley Þrastardóttir	15
3. Umræður	17
Lokaorð	20
Heimildaskrá.....	21

Inngangur

Þegar ég byrjaði í fiðlunámi í tónlistarskólanum á Egilsstöðum vissi ég lítið um tónlist. Kennarinn minn kenndi mér á fiðlu en hann kenndi öðrum á ýmis önnur hljóðfæri. Þetta nám þótti mér spennandi en skemmtilegast var þegar kennarinn minn leyfði mér að fikta og uppgötva. Við tókum fiðluboga og fundum út á hvaða hluti hægt væri að spila, við spiluðum fyrir gæs sem beið í tónskólanum eftir að komast til dýralæknis. Ég spann og samdi lög. Á sumrin hélt kennarinn minn tónlistarsumarbúðir þar sem börnum í tónlistarnámi var blandað saman óháð hljóðfærum eða getustigi og okkur var sett fyrir að spila, bæði öll saman sem ein hljómsveit en líka bara hvað sem við vildum spila. Það var í tónlistarsumarbúðunum sem ég áttaði mig á því að ég gæti kannski orðið tónlistarkennari. Í gegnum árin kom ýmislegt upp á, ég handleggsbraut mig en það stoppaði ekki tónlistarnámið. Ég spilaði bara á eitthvað annað, banjó, bassa, selló og fleira. Tónlistin tók mið af lífinu og varð partur af því. Svo fór ég að kenna og komst fljótt að því að nemendurnir mínir voru jafn fjölbreyttir og þeir voru margir, þá kom frjálsglega tónlistaruppeldið sér vel. Ég hef verið beðin um að kenna á öll möguleg hljóðfæri, sem ég hef oftast gert. Ég hef kennt á fiðlu, víólu, píanó, selló, blokkflautu, ukulele, trommur, harmonikku og saxófón. Lang oftast hefur gengið vel að kenna á þessi hljóðfæri, þótt ég kunní á fæst þessara hljóðfæra. Ég leyfi mínum nemendum að fikta og uppgötva alveg eins og ég fékk að gera. Ég hef örlítið kynnst tónlistarnámi í stærri bæjarfélögum og komst að því að mitt nám og kennsla er talsvert ólík þeirri í stærri tónlistarskólum. Það er því nokkuð ljóst að starfsumhverfi tónlistarkennara í litlum sveitarfélögum á landsbyggðinni getur verið talsvert frábrugðið starfsumhverfi í stærri byggðarlögum.

Ritgerðin byggir á viðtölum við þrjá kennara og einn skólastjórnanda með það að markmiði að varpa ljósi á þann veruleika sem tónlistarkennarar starfa við í fámennum skólum á landsbyggðinni. Sérstaklega verður skoðuð sú venja að kennarar kenni á mörg hljóðfæri, jafnvel án mikillar þekkingar á hljóðfærið.

1. Hlutverk tónlistarskóla

Íslenska tónlistarskólakerfið er bæði umfangsmikið og útbreitt um allt landið. Margir þessara skóla eru kostaðir af sveitarfélögum og eru því til staðar í flestum bæjum og jafnvel þorpum. Í flestum tónlistarskólum beinist kennslan helst í átt að hefðbundnum hljóðfærum og mögulega er það vegna kennaraskorts. Þessi kennaraskortur er sérstaklega sýnilegur á landsbyggðinni og í minni bæjarfélögum.¹

Árið 2000 var aðalnámskrá tónlistarskóla gefin út. Hlutverk hennar er að samræma tónlistarnám og styðja við tónlistarskóla, tónlistarkennara og jafnvel nemendur og foreldra þeirra. Samkvæmt aðalnámskrá er hlutverk tónlistarskóla meðal annars að stuðla að auknu tónlistarlífi. Þeir eiga að veita öllum sem þess æskja, færi á að kynnast tónlistarnámi.² Því mætti segja að það sé skylda tónlistarskólanna að reyna að ná til sem flestra og fjölbreytt úrval hljóðfæranáms er mjög árangursrík aðferð til þess. Í svipmynd úr skýrslu Anne Bamford er sagt frá litlum grunnskóla þar sem tónlistarskóli er rekinn í kjallara skólans. Þar séu um 80-90% nemenda grunnskólans í tónlistarskólanum en kennarar tónlistarskólans bara tveir. Þrátt fyrir það er einu sinni í viku haldinn samsöngur þar sem allir syngja saman, árleg jólaskemmtun og tónlistarlíf skólans er almennt blómlegt. Greinilegt er að í þessum skóla er mikið tónlistarlíf þrátt fyrir fáa tónlistarkennara. Ætla má að þessir kennarar gegni mörgum hlutverkum í skólastarfinu, kenni á fleiri en eitt hljóðfæri og vegna þessa gangi vel að virkja nemendurnar í tónlist.³

Samkvæmt heimasíðum ýmissa tónlistarskóla á austurlandi virðist það algengt að tónlistarkennarar kenni á mörg hljóðfæri.⁴ Þegar litið er á hversu margir kennarar starfa við skólana og framboð hljóðfæranáms kennir hver tónlistarkennari að meðaltali alltaf á fleira en eitt hljóðfæri. Lægst er hlutfallið þar sem kennarar eru tíu og kennt er á átján hljóðfæri.

¹ Bamford, Anne, List- og menningarfræðsla á Íslandi (Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, apríl 2011), bls. 46-49

² Menntamálaráðuneytið, Aðalnámskrá tónlistarskóla - Almennur hluti, (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2000). bls. 13-16

³ Menntamálaráðuneytið, Aðalnámskrá tónlistarskóla - Almennur hluti. bls. 157

⁴ „Djúpavogsskóli,“ Djúpavogsskóli, sótt 21. apríl 2024, <https://www.djupavogsskoli.is/tonlistarskolinn>.

„Sveitarfélagið Hornafjörður,“ Sveitarfélagið Hornafjörður, sótt 21. apríl 2024,

<https://www.hornafjordur.is/thjonusta/born-og-menntun/tonlistarskoli/namid/>.

„Tónlistarskólinn á Egilsstöðum.“ Tónlistarskólinn á Egilsstöðum. sótt 21. apríl 2024.

<https://tonegilsstodum.fljotsdalsherad.is/is/nam-i-bodi>

„Tónlistarskólinn í Fellabæ,“ Tónlistarskólinn í Fellabæ, sótt 21. apríl 2024,

<https://tonfellabae.fljotsdalsherad.is/is/foreldrar>.

„Vopnafjarðarhreppur,“ Vopnafjarðarhreppur, sótt 21. apríl,

<https://vopnafjardarhreppur.is/thjonusta/menntun/tonlistarskoli>.

Kennir þá hver kennari að meðaltali á 1.8 hljóðfæri. Hæst er svo hlutfallið í skóla þar sem einungis einn kennari starfar, en sá skóli býður upp á nám á sex hljóðfæri. Það er því ekki bara algengt að kennarar á Austurlandi kenni á fleira en eitt hljóðfæri heldur mjög algengt.

Í aðalnámskrá tónlistarskólanna segir að námið eigi að beinast að því að hjálpa nemendum að ná leikni á völdum sviðum, bæta þekkingu þeirra og skilning á tónlist. Kennarar eiga að nota fjölbreytt vinnubrögð og kennsluaðferðir og að lokum eigi kennslan að taka mið af þörfum nemenda. Tekið er fram í aðalnámskrá að fagleg þekking tónlistarkennara sé mikilvæg, bæði í tónfræðigreinum og á hljóðfæri.⁵ Það eitt að kunna á hljóðfæri gefur ákveðna grundvallartónlistarþekkingu.

1.1 Hvaða tónlistarkennaramenntun hefur verið í boði?

Listaháskóli Íslands tók til starfa árið 2001 en í skýrslu Bamford kemur fram að áherslan í skólanum hafi aðallega verið sú að þjálfa tónlistarmenn ekki tónlistarkennara. Var sú áhersla talsvert umdeild í ljósi þess að vegna stofnunar listaháskólans lagðist niður tónlistarkennaramenntun við tónlistarskólann í Reykjavík og FÍH.⁶ Rúmum áratug eftir stofnun Listaháskólans varð einhver hreyfing á tónlistarkennaramenntun og var söng- og hljóðfærakennaranámsleiðum á bakkalárstigi bætt við Listaháskóla Íslands árið 2013. Árið 2018 bættist einnig við námsleið í rytmískri söng- og hljóðfærakennslu. Meistaránám í söng og hljóðfærakennslu hefur verið í boði á meistarastigi frá árinu 2016.⁷

Þessar námsleiðir allar hafa verið mikil búbot fyrir tónlistarskóla og verðandi tónlistarkennara landsins en í viðauka um tónlistarskóla í skýrslu um *Menntun fyrir alla*, er talið að þrátt fyrir það sé staða háskólanáms í tónlist brothætt. Of mikil áhersla hafi verið lögð á aðrar námsleiðir listaháskólans á kostnað kennaramenntunar.⁸ Þess má geta að lengi vel var boðið upp á nám á námsleiðinni *Skapandi tónlistarmiðlun* en af þeirri námsleið hafa margir nemenda komið til starfa í tónlistarskólum landsins. Samkvæmt heimasíðu Listaháskóla Íslands er þessi námsleið er ekki lengur í boði.⁹

Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að mikilvægt sé að styrkja tónlistarkennaranám því bæði er starfsaldur tónlistarkennarastéttarinnar orðinn hár en einnig er lítil endurnýjun.

⁵ Menntamálaráðuneytið, Aðalnámskrá tónlistarskóla - Almennur hluti. bls. 23

⁶ Bamford, Anne, List- og menningarfræðsla á Íslandi, bls. 148-149.

⁷ „Listaháskóli Íslands.“ Listaháskóli Íslands. Sótt 7. maí 2024. <https://www.lhi.is/um-lhi/>

⁸ Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigurþórsson. Niðurstöður funda á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2019, Viðauki um tónlistarskóla. (1.október 2020.) bls. 10-11

⁹ „Listaháskóli Íslands.“ Listaháskóli Íslands. Sótt 9. maí 2024.

<https://www.lhi.is/namsframbod/?search=skapandi%20tonlistarmidlun>

Vegna þessa er komin upp sú staða í tónlistarskólunum að erfitt er að fá menntaða tónlistarkennara, sérstaklega á landsbyggðinni.¹⁰ 72% aðspurðra skólastjórnenda tónskólanna sögðu að lítið eða mjög lítið framboð væri af tónlistarkennurum og þar að auki áttu 24% skólastjórnenda mjög eða frekar erfitt með að ráða til sín kennara. Til að svara þessum skorti hafa skólastjórnendur leitað út fyrir landssteinana. Talið er að um 25% tónlistarkennara landsins séu af erlendum uppruna en hlutfallið er þó breytilegt. Í skýrslu Bamford segir einn skólastjóri að 75% sinna kennara séu erlendir og aðeins 5% kennara séu Íslendingar menntaðir á Íslandi.¹¹

Rekja má þennan kennaraskort að einhverju leyti til þess að hljóðfærakennaradeildir Tónlistarskóla Reykjavíkur lögðust niður við stofnun Listaháskóla Íslands þar sem ekki fengust lengur fjárframlög en á um 15 árum sem tónlistakennaranám lá niðri má ætla að við höfum orðið af um 200 tónlistakennurum sem annars hefðu útskrifast úr tónmennta- og hljóðfærakennaradeildum Tónlistarskólans í Reykjavík.¹²

2. Viðtöl

Ekki hefur verið mikið skrifað um stöðu tónlistarnáms á landsbyggðinni og valdi ég því þá leið að taka viðtöl við starfandi tónlistarkennara og einn tónlistarskólastjórnanda til að komast nær þeim aðstæðum og áskorunum sem tónlistarkennsla á landsbyggðinni tekst á við. Ekki er um formlega rannsókn að ræða en stuðst er við aðferðafræði eigindlegar viðtalsrannsóknar. Sú nálgun er talin mjög hentug þegar áherslan er á að komast nær raunverulegum viðhorfum, reynslu og skoðunum fólks.¹³

Með viðtölunum vildi ég öðlast meiri skilning á starfi kennara sem kenna í minni samfélögum, þar sem ekki er alltaf hægt að vera með einn kennara fyrir hvert hljóðfæri. Ég undirbjó spurningalista fyrir viðtölin en í viðtölunum sjálfum var spurningalistinn bara til viðmiðs og bæði viðmælendurnir og ég fórum út fyrir spurningalistann eftir því í hvaða átt viðtalið fór. Viðtölin voru viljandi höfð hálfopin (e. semistructured) en slík nálgun er talin

¹⁰ Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigurþórsson. Niðurstöður funda á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2019, Viðauki um tónlistarskóla. bls. 10-11

¹¹ Bamford, Anne, List- og menningarfræðsla á Íslandi, bls. 141-145

¹² Freyja Gunnlaugsdóttir, „Framhaldsmenntun í tónlist á Íslandi. Þróun, framtíð og stefna“ (meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2015), bls. 103-105. Sótt af: <http://hdl.handle.net/1946/21212>

¹³ Flick, Uve. An Introduction to Qualitative Research. (3. útg. London: Sage, 2006.)

líklegri til að draga fram reynslu og skoðanir viðmælenda sem best uppá yfirborðið.¹⁴ Viðtölin voru tekin upp, skrifuð upp orð fyrir orð og síðan samþjöppuð til að fá hnitmiðari texta.

2.1 Berglind Halldórsdóttir

Berglind Halldórsdóttir er klarínettleikari og tónlistarkennari í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum. Hún lærði á klarínnett í Tónlistarskóla Hveragerðis en kennarinn hennar var sjálfur trompetleikari. Leið Berglindar lá í Tónlistarskólann í Reykjavík (Tónó) þar sem hún var dugleg að sækja sér fjölbreytta þekkingu samhliða klarínnett náminu. Meðal annars sótti hún tíma á saxófón, flautu og píanó og almennt fylgdist hún mjög vel með til að þekkja sem flest hljóðfæri. Þetta var markvisst þar sem hún hafði ákveðið að verða tónlistarkennari úti á landi og vissi að þar þyrfti hún að geta kennt á sem flest hljóðfæri. Í Tónó tók hún eftir að nemendum af landsbyggðinni fannst þetta sjálfsagt en þau sem komu af höfuðborgarsvæðinu skildu þetta ekki jafn vel. Berglind kláraði svo meistaraþráðu í klassískum hljóðfæraleik og viðbótargráðu í hagnýtum kennslufræðum í Noregi. Þau hljóðfæri sem Berglind annað hvort hefur kennt á eða treysti sér til að kenna á eru meðal annars, klarínnett, þverflauta, saxófónn, blokkflauta, túba, básúna, trompet, horn, píanó, ukulele og gítar.

Berglind segir að það séu kostir og gallar við það að kenna á hljóðfæri sem maður kann sjálfur ekki á, það sé vissulega meiri vinna og undirbúningur en það er auðvelt að halda sér skrefi á undan nemandanum. Stundum er erfitt að sjá hvað sé eðlileg þróun í kennslu á hljóðfæri sem maður kann ekki á en Berglind styðst við aðalnámskrá tónlistarskólanna þar sé listi yfir góðar kennslubækur. Hún noti þær kennslubækur og oft er gott að sjá í þeim hvaða skref geti komið næst. Í kennslu sinni leyfir Berglind nemendum oft að stjórna hvaða verkefni þau taka fyrir en þegar hún er að kenna á hljóðfæri sem hún kann ekki á er erfðara að koma með tillögur að verkum sem hún sjálf þekkir ekki eða hefur spilað. Þá séu meiri líkur á að hún mæli með verki sem hentar ekki jafn vel og önnur en ef annað hvort nemandinn eða Berglind sjá að verk sem hafði orðið fyrir valinu hentaði ekki þá er lítið mál að hætta við þetta tiltekna verk og finna eitthvað annað. Berglind telur að börn þekki oft of fá hljóðfæri og þess vegna sé gott að þau kynnist sem flestum hljóðfærum snemma. Af þeirri ástæðu leyfir hún þeim stundum að spreyta sig á fleiri en eitt hljóðfæri.

„Það er fullt af fólki sem eru professional hljóðfæraleikarar sem byrjuðu að læra á hljóðfærið sitt bara sextán ára, sko, og maður veit ekkert hvað er hljóðfærið manns fyrir en maður fær að prófa það og það smellur. Ég held að krakkar séu oft að taka óupplýsta

¹⁴ Kvale, Svend og Brinkmann, Steinar. (2016) Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing. 3. útg. Los Angeles: Sage, 2006.

ákvörðun um hvað þau ætli að spila á. Segjum sem svo að átta ára krakki segi hey mamma mig langar í tattú og mamma segir já þú ert nú orðinn átta ára, það er fínt að taka ákvörðun um það fyrir restina af lífinu. En á átta ára barn á að geta sagt hey mig langar að spila á klarínnett og það þarf bara að læra á klarínnett það sem eftir er? Af hverju má ekki skipta um skoðun.“

Reynsla Berglindar er sú að það er vel hægt að kenna á hljóðfæri sem maður kann ekki á fram að miðstigi. Hún hafi verið með flautunemanda sem var búinn með miðstigið og það hafi verið mjög erfitt, oft hafi hún ekki alveg vitað hvað hún ætti að gera. Hún brá á það ráð að senda þennan nemanda mánaðarlega í aukatíma til flautukennara sem bjó rúmum klukkutíma í burtu en þar fékk nemandinn góða tæknikennslu og aðstoð með verkefnaval. Þetta gerir hún ekki bara með nemendum sem hún á í vandræðum með heldur nýtir hún öll tækifæri sem bjóðast og fær til dæmis hljóðfæraleikara sem eiga leið í Egilsstaði til þess að taka nemendum hennar í tíma.

Berglind nýtir sér einnig mikið internetið og „googlar“ reglulega þegar spurningar koma upp sem hún getur ekki svarað. Sem tónlistarkennari og hljóðfæraleikari hafi hún næga reynslu til að geta greint á milli þess sem hún kallar gáfulegra og ógáfulegra upplýsinga sem óreyndir nemendur geti ekki. Þrátt fyrir það sé mikilvægt að taka upplýsingar á netinu ekki sem algildan sannleik.

„Þegar maður er búinn að fara í gegnum ákveðið nám þá hefur maður ótrúlega reynslu sem er ekki bara bundin við eitt hljóðfæri þannig að líkurnar á að maður geri eitthvað gjörsamlega vitlaust eru litlar, sem sé svo hægt að koma enn betur í veg fyrir með því að taka sjálfur nokkra tíma hjá kennara og lærir þá grunninn.“

Þegar Berglind tekur að sér nýja nemendur á hljóðfæri sem hún kann ekki á segir hún algjörlega nauðsynlegt að vera hreinskilin við nemendur og foreldra um kunnáttu sína, „það séu hálfgerð svik að þykjast kunna á hljóðfæri sem maður geti rétt svo glamrað á.“ Berglind segist einu sinni hafa komist að því að foreldrar nemanda héldu að hún væri menntuð á viðkomandi hljóðfæri og það hafi verið óþægilegt, þrátt fyrir það tóku foreldrar nemandans þessum upplýsingum alls ekki illa. Best telur hún að taka það strax fram að aðalhljóðfærið hennar sé klarínnett en hún kunni eitthvað á ýmis hljóðfæri ekki svo ólík hljóðfæri nemandans. Berglind segir líka að hún treysti sér ekki til að kenna á hvaða hljóðfæri sem er. Tré- og málmblásturshljóðfæri sé ekkert mál að kenna á en strengjahljóðfærin þekki hún svo takmarkað að hún gæti bara leyst af kennslu á þau í stuttan tíma, hún hafi til dæmis leyst gítarkennara af í nokkra mánuði sem hafi verið fínt en hún gæti til dæmis ekki búið til flottan fiðlunemanda sem ætti framtíðina fyrir sér.

Fyrir verðandi tónlistarkennara finnst Berglindi mikilvægt að þeir taki aukahljóðfæri, hún hafi til dæmis tekið námskeið í Tónó þar sem nemendurnir kenndu hvoru öðru á sín hljóðfæri, þá hafi bæði fengist kennslureynsla og þekking á fleiri hljóðfæri.

Berglind segir að lokum að raunveruleikinn sé sá að í tónlistarskólum fyrir utan höfuðborgarsvæðið sé mjög algengt að kenna á fleiri hljóðfæri en sitt eigið, hún þekki sem dæmi mjög fáa tónlistarkennara sem kenna bara á sitt eigið hljóðfæri. Mikilvægi þess að kenna á sem flest hljóðfæri felst líka í því að í minni skólum eru færri kennarar og til þess að hafa sem fjölbreyttast framboð á tónlistarnámi þurfi kennarar að vera lausnamiðaðir og geta kennt á sem flest hljóðfæri. Berglind telur að líta mætti til leikskólakennaranema, þar fái þeir afslátt á vinnuskyldu á móti námi. Ef tónlistarkennarar gætu skráð sig í tónlistarnám og fengið svipaðan afslátt á kennsluskyldu þá væri það mikil hvatning til að læra á fleiri hljóðfæri. Það gefur auga leið að hljóðfæranám tekur tíma og í amstri dagsins er það oft tíminn sem maður hefur ekki nóg af. Berglind telur að ef tónlistarskólinn sem hún vinnur í myndi taka upp á því að bjóða nemendum bara upp á nám á hljóðfæri sem kennararnir kunna vel á þá myndi sá tónlistarskóli einfaldlega ekki ganga upp. Að lokum sagðist Berglind ekki þekkja of vel til hljóðfærakennaranáms í Listaháskóla Íslands en hennar tilfinning er sú að kennarar sem eru að útskrifast þaðan í dag eru almennt mjög vel undirbúin fyrir raunveruleika tónlistarkennarastarfsins í dag. Það væri mikill missir að missa þennan valmöguleika til náms á Íslandi, það megi ekki gerast.

2.2 Charles Ross

Charles Ross er einn af þeim tónlistarkennurum sem getur kennt á öll hljóðfæri. Hann er upprunalega fiðlu og víóluleikari og menntaði sig bæði í víóluleik og tónsmíðum. Einnig hefur hann lagt stund á heimstónlist, heimspeki auk þess sem hann er með doktorsgráðu í tónsmíðum.

Þegar Charles er spurður á hvaða hljóðfæri hann kunni finnst honum best að tala um hljóðfærafjölskyldurnar. Strengjahljóðfæri kann hann vel á, strokin og gripluð. Þar á meðal eru fiðla, víóla, selló, kontrabassi, gítar, 10 strengja gítar, mandolín, rafmagnsgítar, rafbassi og ýmis „skritin“ hljóðfæri eins og úd og hestafiðla. Hann kann á ýmis blásturshljóðfæri, og hefur kennt á saxófón, þverflautu, básúnu, trompet og tenórhorn. Charles kann á allskonar slagverk. Hann spilar einnig ágætlega á harmonikku, píanó, orgel og syntha úr hljómborðshljóðfærafjölskyldunni. Rekja má upphafið að allri þessari „hljóðfærasúpu“ til þess þegar hann flutti til Íslands frá Skotlandi árið 1986 og gerðist fiðlukennari. Á þeim tíma

störfuðu almennt um þrír kennarar við skólana á svæðinu og fljótlega kom að því að hann var beðinn um að kenna á gítar. Charles hafði spilað í hljómsveit á gítar svo hann lét til leiðast sem vatt svo upp á sig smám saman og núna 38 árum síðar hefur hann kennt á öll helstu hljóðfærin, nema kannski „þau skrítnustu“ segir hann.

Charles segir að margt hafi breyst síðan hann byrjaði að kenna. Fyrir daga internetsins hafi hann iðulega sagt, þegar hann var beðinn um að kenna á hljóðfæri sem hann kunni lítið á, að eftir sumarið gæti hann pottþétt kennt á hljóðfærið. Svo hafi hann æft sig allt sumarið og jafnvel heimsótt kunningja í Skotlandi til að fá góðar leiðbeiningar. Um haustið hafi hann svo kennt á hljóðfærið og þessi aðferð hafi virkað vel í öllum tilfellum nema einu:

„Þetta virkaði alltaf þangað til að ég gat ekki æft mig. Sem var takkanikka. Þetta fór til fjandans því ég gat ekki tekið það með mér heim og þetta er svo erfitt að það er hægt að hugsa hvað þú ætlar að gera með framheilanum en til að spila þetta þá er mjög mikið af upplýsingum sem þú verður að setja í afturheilann. Þess vegna er mjög mikilvægt að æfa. Þá láta puttarnir þetta bara „melta“ þetta inn.“

Að sögn Charles hefur allt breyst með tilkomu Youtube, þar sé hægt að læra allt. Með því að fylgjast með og kannski fyrst og fremst að sjá hvers konar tækni virðist vera notuð í myndbandinu er hægt að sjá hvaða efni er gott að taka mark á. Svo fikrar Charles sig bara áfram og þegar hann er byrjaður að skilja hvernig hljóðfærið virkar þá getur hann byrjað að kenna á það. Hann segir mjög mikilvægt að geta kennt góðan grunn til að byrja með, sérstaklega ungum nemendum „því annars getur maður bara skaðað krakkana.“

Í sumum tilfellum telur Charles orðið auðveldara að kenna á hljóðfæri sem hann hefur nýlega lært á, vegna þess hve lærdómsferlið er enn ferskt í minninu. Þá er auðveldara að brjóta niður ýmsa þætti, hvernig er gott að æfa sig og læra á hljóðfærið. Reynslan að læra á þau hljóðfæri sem hann hefur kunnað sem lengst á og sem mest er orðin að ósjálfráðum viðbrögðum. „Það er ekki hægt að muna hvernig maður lærði eitthvað þegar maður var sjö ára.“ Charles gætir þess að vera alltaf einu skrefi lengra kominn en nemandinn og þar sem kennarar eru almennt fljótari en nemendurnir að læra á hljóðfæri þá sé í rauninni hægt að ná nemendum þótt þeir séu komnir ansi langt á hljóðfærið sitt. „Það er dálítið undir manni sjálfum komið hversu langt er hægt að kenna nemanda, hversu duglegur maður er að læra á hljóðfærið og æfa sig.“

Charles vinnur mikið með spuna með nemendum sínum og segir að í rauninni væri best að spinna sem mest með þeim. Slík nálgun krefjist þess að nemandinn sé með virka hlustun (e. audiation). Sama eigi í raun við um kennara sem læra þarf fljótt á hljóðfæri, það

þurfi ekki að kunna mikið á hljóðfærið til að geta spunnið. Með spunanum er hægt uppgötva hvaða hljóðum hljóðfærið býr yfir og kynnst leiðum til að nálgast hljóðfærið. Allt sem er hægt að gera til að taka tónlist frá bókunum, og nota heilann í staðinn, hjálpar til að gera hljóðfærið að náttúrulegri framlengingu þess sem spilar á það. Með því að nálgast hvert hljóðfæri með spuna og spinna svo á öll hljóðfæri sem maður kemur höndunum yfir þá sé þetta ekki spurning um á hvaða hljóðfæri maður kann, heldur spurning um hversu mikla reynslu maður hefur á hljóðfærið.

„Alltaf bara finna eitthvað og leika með það, hvernig hljóð getur þú fengið út úr því. Til dæmis var anglo concertina, það er ekki eins þegar þú togar inn og út. Svo ég var að dunda mér með þetta og mér fannst það rosalega gaman og það var krefjandi. Það er betra að spila en að gera þúsluspil. Spuni. Reyndu að spinna eins mikið og þú getur kennt.“

Að lokum sagði Charles að það að geta spilað og kennt á sem flest hljóðfæri sé líka mikilvægt fyrir tónlistarlífið. Ef ekki sé gott úrval í tónlistarskóla sé það svipað og að vera með skóla sem kennir bara þrjú fög, til dæmis líffræði, heimilisfræði og lestur. Það gefur auga leið að það sé ekki heildstæður skóli og sama á við um tónlistarskóla sem býður ekki upp á fjölbreytt hljóðfæra-aval. Möguleikinn á samspili opnast með fleiri hljóðfærum, það gerir skólastarfið miklu skemmtilegra. Aðalatriðið, segir Charles, er að tónlistin verði partur af lífi nemendanna og ná þeim upp á grunnstig eða miðstig. Ef þeim langar virkilega að fara lengra með tónlistina þá er það hægt, taka þá námið alvarlegra og jafnvel senda þau í stærri skóla með kennurum menntaða á það hljóðfæri.

2.3 Sigurlaug Björnsdóttir Blöndal

Sigurlaug Björnsdóttir Blöndal er flautuleikari, söngkona og að eigin sögn „lélegur píanisti.“ Hún lærði klassíska hljóðfærakennslu við Listaháskóla Íslands. Hún byrjaði að kenna fyrst fyrir tíu árum síðan og hefur meðal annars kennt við tónlistarskólann á Egilsstöðum, Skólahljómsveit Austurbæjar, Skólahljómsveit Vesturbæjar og núna seinustu ár við Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu. Sigurlaug vissi það snemma að hana langaði að kenna við litla skóla á landsbyggðinni og að þá kæmi það sér mjög vel að kunna á mörg hljóðfæri. Vegna þessa sótti hún einnig tíma á klarínett, saxófón, básúnu og fagott og þar að auki hefur hún til viðbótar við þessi hljóðfæri kennt á túbu, trompet, horn og gítar.

Sigurlaugu finnst í rauninni lítil munur vera á mörgum þessum hljóðfærum þegar kemur að kennslu, stór partur kennslunnar sé nefnilega óháður því hvaða hljóðfæri nemandinn spili á. Það sem skipti miklu máli er að geta séð hvar nemandinn sé staddur, sjá á hverju hann hefur áhuga. Hvaða markmið hann vill setja sér og koma svo auga á hvað það

er sem þarf til að nemandinn blómstri, „það eru engin geimvísindi að kenna á hljóðfæri sem maður kann ekki á af því að nemandinn er alltaf miðjan.“

Sigurlaug segir að henni hafi gengið vel að kenna á hljóðfæri sem hún hafi lítinn grunn á. Hún komi til dyranna eins og hún er klædd og sé ekki hrædd við að viðurkenna ef hún kann ekki á hljóðfæri nemandans, kennarinn og nemandinn séu saman í því að finna út úr hlutunum. Sigurlaugu finnst mikilvægt að vera ekki hrædd þegar hún veit ekki hluti, það sé alltaf hægt að finna svörin hvort sem það er með því að spurja aðra kennara eða internetið. Á móti finnst henni nemendurnir kunna að meta hvað hún sé lausnamiðuð og leggi á sig að finna svör við spurningum nemendanna.

Helsta áskorun Sigurlaugar hingað til er að koma nemenda í gegnum miðpróf á horni, nemandinn vissi í rauninni mikið meira um hljóðfærið heldur en hún. Til þess að koma nemandanum í gegnum miðprófið hafi Sigurlaug hálfpartinn verið með hornleikara á „speed dial“ og ráðfærði sig mikið við hann. Sigurlaug sá svo fljótlega að hún ein gæti tæplega komið þessum nemanda í gegnum miðpróf svo hún fékk fjármagn frá tónlistarskólanum til þess að nemandinn gæti sótt tíma hjá hornkennara í fjarkennslu, þar hafi nemandinn fengið kennslu í þeirri tækni sem Sigurlaug gat ekki kennt. Hún hafi hins vegar verið fullfær um að kenna margt annað mikilvægt eins og túlkun, fraseringar, öndun, sviðsframkomu og fleira. Þegar hún er beðin um að taka að sér nemanda á hljóðfæri sem hún hefði lítinn grunn á þá segir hún sjaldan segja nei, með því skilyrði að hún fái utanaðkomandi aðstoð. Sigurlaug segir aðra kennara duglega að rétta fram hjálparhönd og gefa góð ráð. Flestir kennarar þekki hvernig þetta sé í minni skólum og hafa jafnvel verið í sömu sporum. „Í grunninn er aðalatriðið, þegar kennt er á hljóðfæri sem maður kann ekki sjálfur á, að vera leitandi. Leita leiða til að finna upplýsingarnar sem maður hefur ekki og hlusta á nemendurna.“

Sigurlaug segir einnig að hennar nám hafi undirbúið sig vel fyrir kennsluna þar hafi Listaháskóli Íslands átti stóran part í því. Í LHÍ hafi hún mætt miklum sveigjanleika og gat sniðið námið að sínum þörfum. Hún telur nauðsynlegt að nemendur hafi vald yfir sínu eigin námi því ekki lenda allir verðandi tónlistarkennarar í sömu aðstæðum, með sveigjanleikanum gat hún verið viss um að bæði hún og samnemendur sínir fengu það nám sem þau þurftu. Sigurlaug nefndi sérstaklega námskeiðið *Sértæka kennslufræði fyrir blásara*. Þar hafi þau fengið kennslu á öll helstu blásturshljóðfærin, almennt viðhald og smávægilegar viðgerðir. Aukahljóðfæri fyrir nemendur á hljóðfærakennarabraut hafi verið „æðislegt“ og *Skapandi tónlistarmiðlun* hafi gefið henni mikilvæg tól.

Sigurlaug nefnir að umræða um að leggja niður eða minnka við hljóðfærakennaranám á BA stigi við Listaháskóla Íslands birtist af og til. Finnst Sigurlaugu það „alveg verulega slæm hugmynd,“ stéttin sé gömul og með þessu er hún ekki að fara að yngjast. „Ef svo verður að þetta nám verði lagt af sé einfaldlega hægt að segja bless við tónskólakerfið okkar eins og það leggur sig.“

Sigurlaug hefur bæði kynnst kennslu á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi og segir að þetta séu tveir gjörólíkir hlutir og þegar maður sé úti á landi sé óhjákvæmilegt að kenna bara á þau hljóðfæri sem maður sé með menntun fyrir.

„Ég sagði sko ítrekað í listaháskólanum þegar fólk var að undra sig á því af hverju ég var að taka svona mörg aukahljóðfæri, sko það verður bara hlegið að mér ef að ég mæti í tónskóla úti á landi og ætla bara að kenna á þverflautu. Það er bara ekki í boði.“

Og sjálf segist hún ekki nenna að kenna bara á sín hljóðfæri. „Maður verður að fá smá action sko.“

Reynsla Sigurlaugar er sú að algengt sé að kennarar kenni á hljóðfæri sem þeir kunni ekki á. Sem dæmi hafi hennar þverflautukennarar sjálfir kunnað takmarkað á flautu, aðahljóðfæri kennarana hennar hafi meðal annars verið fagott, saxófónn, píanó og selló. Að lokum segir Sigurlaug að tónlistarlíf samfélagsins verði ansi fábreytt ef tónlistarkennarar væru margir hverjir ekki færir um að kenna á margvísleg hljóðfæri. Það að kunna og kenna á mörg hljóðfæri hafi líka gert Sigurlaugu að betri tónlistarmanni, sem dæmi styrkjast lungun þegar maður þarf að blása mun meira í básúnu og túbu sem gagnast fyrir flautu og söng, þetta tengist allt og er það mikill misskilningur að með því að læra á mörg hljóðfæri taki það fókusinn frá aðahljóðfærinu, maður er alltaf að læra og öðlast meiri skilning. Það að hafa lært á öll þessi hljóðfæri hafi veitt Sigurlaugu ákveðna sérstöðu sem kennari.

2.4 Sóley Þrastardóttir

Sóley Þrastardóttir er tónlistarskólastjóri og flautuleikari. Hún gekk meðal annars í Listaháskóla Íslands og lauk hún meistaragráðu í kennslufræðum og doktorsgráðu í flautuleik í The University of Oklahoma í Bandaríkjunum. Að auki er hún með og diplómu í menningarstjórnun. Sóley hefur lítið kennt á hljóðfæri sem hún sjálf hefur ekki lært á en hefur þó verið að bæta við sig hljóðfæranámi því að hennar mati eru bestu kennararnir alltaf líka nemendur. Lauk hún því nýlega miðstigi á saxófón.

Reynslan að mati Sóleyjar sem skólastjóri tónlistarskóla er sú að rekstur tónlistarskóla úti á landi er erfiðari hvað varðar aðgengi að starfsfólki, meðal annars vegna

Þess að miklu færra tónlistarmenntað fólk er búsett á svæðinu. Bæði er erfitt að manna störf sem og afleysingar og slíkt. Það getur verið snúið að bjóða upp á fjölbreytt námsúrval þegar kunnáttan er ekki til staðar á svæðinu. Sóley hefur þess vegna oft leitað út fyrir landsteinana til að fá kennara. Hins vegar séu biðlistar og skólagjöld styttri og lægri í skólunum sem reknir eru af sveitarfélögum sem gerir tónlistarnám aðgengilegra og eru slíkir skólar algengastir á landsbyggðinni.

Sóley segir að þegar ekki fæst kennari á ákveðin hljóðfæri sé ein lausn að annar kennari, sem kann þó ekki á hljóðfærið kenni á það. Hún segir að auðvitað sé viðmið skólans að reyna að vera með sem breiðustu faglegu þekkingu og ráða kennara menntaða á þau hljóðfæri sem vantar en stundum sé annað ekki hægt. Margir geti kennt tónlist án þess að vera með alla tækni á hreinu svo þetta hefur virkað mjög vel fyrir til dæmis byrjendur sem séu þó með einhvern grunn. Málið sé þó flóknara fyrir algjöra byrjendur og þá sem eru komnir mjög langt í námi.

Tilfinning Sóleyjar er sú að kennurunum hafi líka gengið mjög vel að kenna á hljóðfæri sem þau kunni ekki svo mikið á. Og svo sé mikilvægt að hugsa það að kennari sem kennir á hljóðfæri sem hann kann ekki á er ekki bara betri en enginn kennari, heldur „miklu, miklu, miklu“ betri en enginn kennari. Ein algengasta tæknin við að kenna á hljóðfæri þegar maður kann sjálfur ekki á það er að læra á hljóðfærið. Við sem kunnum nú þegar á eitt hljóðfæri erum fljót að læra á annað. Svo sé það bara spurning um að halda sér einu skrefi á undan nemandanum. Þegar Sóley er í ráðningarferli nýrra kennara þá segir hún að getan til að kenna á fleiri en eitt hljóðfæri sé mikill kostur.

„Kennari sem getur kennt á fleiri en eitt hljóðfæri og hefur breiðari grunn, hann er líklegri til þess að fá vinnu. Það er bara ekkert flóknara en það. Jafnvel viljinn bara til þess að kenna á fleira en eitt hljóðfæri getur skipt sköpum.“

Eitt vandamál sem Sóley telur að tónlistarskólar landsins standa frammi fyrir er að ekki er verið að útskrifa nógu marga tónlistarkennara, skortur sé á þeim í landinu og nýliðun mjög lítil. Sóley hefur töluverðar áhyggjur af því að endurnýjunin verði enn minni ef kennslufræðihluti tónlistarnáms í Listaháskóla Íslands verði valkvæður. Enn færri myndu þá hugsanlega velja þann hluta og námskeiðin gætu hreinlega verið felld niður. Frekar ætti að efla þessa kennslu. Tónlistarkennaranám eigi heima í Listaháskólanum, hvergi annarsstaðar á Íslandi sé hægt að miðla þeirri þekkingu sem þarf til að mennta verðandi tónlistarkennara.

Í Covid fékk skólinn hennar Sóleyjar töluverða reynslu af fjarkennslu, sumt hafi gengið vel en mörgu var ábótavant. Þegar valið stendur á milli þess að hafa menntaða

kennara sem kenna í fjarkennslu eða kennara á staðnum sem lítið kunna á hljóðfæri nemandans sé erfitt að svara hreint út hvort sé betra. Þar séu margar breytur sem skipti máli og hljóðfæraval sé ein þeirra, píanó og gítar hafi almennt gengið ágætlega enda er þar mjög sjónrænt hvað verið er að gera. Blásturshljóðfæri og strengjahljóðfæri hafi hins vegar gengið erfiðlega og sama á við um yngstu nemendurna. Ef nemandi er kominn tiltölulega stutt í námi þá geti verið töluvert einfaldara fyrir tónlistarkennara með góða menntun að kenna bara á hljóðfærið, það tekur yfirleitt ekki langan tíma að ná nemandanum.

Til þess að hvetja kennara skólans að læra svo á fleiri hljóðfæri fá kennarar helmings afslátt af skólagjöldum, ókeypis hóptíma og skólinn greiðir fyrir prófdæmingu og stigspróf kennara. Sóley segir að skólinn reyni að fjarlægja mest af fjárhagslegum hindrunum ef kennara langi til að sækja tíma sjálfir í skólanum en kennurum ber að sinna ákveðinni símenntun og fyrir þá sem kjósa þá uppfyllir tónlistarnám þær kröfur sem gerðar eru til starfsþróunar. Þörfin fyrir breiðan grunn eða framúrskarandi hæfni á eitt hljóðfæri er mjög misjöfn eftir stærð skóla. Í skólanum hennar Sóleyjar eru um það bil tvær fullar píanókennarastöður, þörfin fyrir breiðan grunn er kannski ekki svo mikilvæg þar, hins vegar ná strengja-, tréblásturs- og málmblásturs- stöðurnar ekki upp í fullt starf. Ef þeir kennarar kenndu bara á sín hljóðfæri þá gæti Sóley ekki ráðið þá kennara og skyndilega hyrfi þá blómlegt úrval hljóðfæranáms, eftir staði bara píanó og gítar. Tónlistarnámið í skólanum myndi gjörbreytast til hins verra að hennar mati. Fjölbreytt tónlistarnám er „rosalega mikilvægt“ að mati Sóleyjar, ef ekki væri í boði að kennarar kenndu á hljóðfæri sem þau kynnu ekki á þá væri í rauninni Reykjavík eini staðurinn þar sem hægt væri að læra á hljóðfærin sem minni eftirspurn er af. Það er mynd sem Sóley vill ekki sjá hér á Íslandi.

Að lokum segir Sóley að það að læra á hljóðfæri sé frábær leið til að víkka sjóndeildarhringinn, hvort sem það er fyrir börn, fullorðna eða tónlistarkennara. Það brýtur upp rútinuna að læra á nýtt hljóðfæri og starfið verður aldrei eins frá degi til dags, eða jafnvel frá ári til árs. Með þessu helst starfið fjölbreytt og lifandi, það komi í veg fyrir stöðnun eða kulnun og sé því frábær kostur þess að læra á nýtt hljóðfæri.

3. Umræður

Við lestur viðtalanna sést að í starfi allra viðmælenda er kennsla á fleiri en eitt hljóðfæri vel þekkt fyrirbæri, þrátt fyrir að tónlistarkennarar hafi ekki sterkan grunn á þau hljóðfæri sem kennt er á. Hversu lengi sé hægt að kenna nemenda þegar kennari kunni ekki á hljóðfærið

fari eftir ýmsu en gott sé ef nemandinn hafi lært örlítið fyrr hjá kennara með góðan grunn því það komi í veg fyrir margar byrjendavillur en eftir það sé það undir kennaranum sjálfum hversu langt hann treysti sér að kenna nemandanum. Allir viðmælendur segja þó að tæknin „halda sér einu skrefi á undan“ virki vel og oft sé það nauðsynlegt til að geta kennt á þau hljóðfæri sem kennarinn kann ekki á.

Þegar talað er um nýtingu tækninnar til kennslu virðast flest sammála að fjarkennsla sé í einhverjum tilfellum möguleg en hún geti aldrei komið í staðin fyrir staðkennslu. Sigurlaug segir að hún hafi einu sinni notað fjarkennslu með góðum árangri. Þá hafi bæði hún og nemandi farið saman í tíma hjá hornkennara. Sigurlaug hafi því sjálf lært af tímunum og getað verið nemandanum innan handar. Þetta hafi bætt tækniþekkingu nemandans.

Með tilkomu internetsins hafi margt breyst varðandi aðgengi upplýsinga. Þar sé hægt að finna heilmikið gagnlegt fyrir kennslu. Berglind tekur þó fram að mikilvægt sé að taka upplýsingar af netinu aldrei sem algildan sannleik en vegna almennrar þekkingu á tónlist sé oftast auðvelt fyrir tónlistarkennara að greina hvort upplýsingar séu tryggar heimildir eða ekki. Charles nýtir netið til að kenna sér á hljóðfæri. Þannig fái hann ákveðinn grunn sem hann geti miðlað til nemandans. Góður grunnur er að hans mati mjög mikilvægur, sérstaklega hjá ungum nemendum. Sigurlaug er ekki smeyk við að viðurkenna fyrir nemendum sínum að stundum viti hún ekki svörin við spurningum nemendanna. Sigurlaug leitar þá eftir upplýsingum á netinu og segir hún að nemendur hennar kunni að meta hreinskilnina og lausnarmiðað viðhorf. Þannig myndar hún traust á milli sín og nemandans.

Breiður grunnur á mörg hljóðfæri er mikill kostur að mati Sóleyjar. Hún ræður frekar kennara sem geta kennt á mörg hljóðfæri. Sóley segir að í ráðningarferli nýs kennara sé jafnvel jákvætt viðhorf til kennslu á mörg hljóðfæri talinn góður kostur og geti leitt til aukinna líkna á ráðningu þess kennara. Sigurlaugu finnst mikill munur á því að vera góður á hljóðfæri og góður kennari. Þegar allir þættir kennslu eru taldir upp er sjálft hljóðfærið bara brot af tónlistarnámi. Góður kennari, segir Sigurlaug, þarf að geta fundið út á hverju nemandinn hefur áhuga, markmið og þarfir óháð hvaða hljóðfæri nemandinn læri á. Charles nefnir að í sumum tilfellum finnist honum auðveldara að kenna á hljóðfæri sem hann hefur nýlega lært á, lærdómsferlið sé þá enn ferskt í minninu.

Viðmælendur telja sitt nám hafa undirbúið sig vel fyrir kennslu. Berglind og Sigurlaug hafi einnig báðar vitað að þær myndu vilja kenna úti á landsbyggðinni. Berglind hafi að eigin frumkvæði menntað sig með það að huga. Sigurlaug telur að Listaháskóli Íslands eigi hrós skilið fyrir mikið frelsi og sveigjanleika. Það hafi gert henni kleift að sníða námið að sínum þörfum. Þannig hafi skólinn getað boðið upp á nám sem hafi hentað sem

flestum kennaranemum og þeir fengið að sníða sitt nám að þeirra framtíð. Þjálfun í grundvallartónlistarfærni, segir Charles, hafi kennt honum ákveðin atriði sem hann telji ómetanleg í sinni kennslu.

Sóley segist finna fyrir skorti á kennurum og Sigurlaug tekur fram að tónlistarkennarastéttin sé að eldast, vegna þessa sé nauðsynlegt að efla tónlistarkennaramenntun á Íslandi. Sóley tekur einnig fram að tónlistarkennaramenntun eigi hvergi annarstaðar heima á Íslandi nema í Listaháskóla Íslands. Berglind segist ekki þekkja mikið til starfs Listaháskóla Íslands en hennar tilfinning er sú að þeir tónlistarkennarar sem útskrifast þaðan séu almennt vel undirbúnir fyrir tónlistarkennslu á Íslandi.

Óvæntir kostir þess að kenna á mörg hljóðfæri komu einnig fram. Sóley sagði að með því að kenna á mörg hljóðfæri verði starfið fjölbreyttara og lifandi. Það geti komið í veg fyrir stöðnun eða jafnvel kulnun í starfi. Því til stuðnings nefna bæði Sigurlaug og Charles að það að læra á ný hljóðfæri sé einfaldlega skemmtilegt.

Að lokum eru allir viðmælendurnir sammála um að fjölbreytt hljóðfæraúrval í tónskólum sé lykillinn að lifandi tónlistarskóla og til þess að slíkt sé mögulegt reiða tónlistarskólarnir sig á að kennarar geti kennt á mörg hljóðfæri. Sóley segir að auðvitað væri óskastaðan sú að hafa vel menntaða kennara á hvert hljóðfæri en það sé einfaldlega ekki alltaf raunhæft. Einnig tekur Sóley sérstaklega fram að ef kennarar kenndu bara á sitt hljóðfæri væri hún oft ekki með nægilega stóra kennslustöðu fyrir það hljóðfæri. Því standi valið á milli þess að fylla upp í kennsluskylduna með öðrum hljóðfærum eða einfaldlega ekki ráða kennarann. Þannig myndi skólinn ekki bara missa kennara sem væri tilbúinn að kenna á fleiri hljóðfæri en sitt eigið, heldur myndi skólinn einnig tapa kennara sem er sérmenntaður á ákveðið hljóðfæri en með litla eftirspurn. Án núverandi lausna þar sem kennarar kenna á fleiri en sín eigin hljóðfæri yrðu tónskólar í minni byggðarkjörnum verulega einhæfir og myndu hreinlega ekki ganga upp.

Lokaorð

Ljóst er að störf viðmælenda minna eru fjölbreytt og krefjandi. Þar blandast saman lausnarmiðuð vinna þar sem kennt er á hljóðfæri án þess að vera alltaf með öll svörin en líka fagmennska þar sem kröfum og gæðum tónlistarnáms er reynt að halda uppi eftir fremsta megni. Stundum reynist nauðsynlegt að fara óhefðbundnar leiðir, eins og finna upplýsingar á netinu, fá tónlistarmenn til að kenna þegar þeir eru á svæðinu eða jafnvel nota fjarbúnað til aðstoðar við kennslu. Í augum sumra sýnast þessir óvenjulegir kennsluhættir síðri og auðvitað er eitthvað til í því en kennari sem kennir á hljóðfæri sem hann kann ekki á er betri en enginn kennari yfir höfuð. Komin er dágóð hefð fyrir þessum kennsluháttum, helmingur viðmælenda höfðu jú sjálfir lært á sínum tíma hjá kennurum sem ekki kunnu á hljóðfæri nemenda sinna. Þeir tónlistarkennarar virðast sem sagt hafa getað kennt sínum nemendum upp að ákveðnu marki sem dugði til þess að þeir nemendur eru í dag fagmenntaðir tónlistarkennarar.

Ekki virðist þó auðvelt að finna kennarana. Skólastjórnendur lýsa miklum kennaraskorti og erfiðleikum að ráða kennara. Þessi kennaraskortur stafir meðal annars af því að nám á háskólastigi lá niðri í dágóðan tíma og hægt hefur gengið að byggja það upp. Því má segja að tónlistarkennaranám sé á viðkvæmu stigi. Þrátt fyrir mikla eftirspurn þá útskrifast of fáir úr náminu og hætta er á að það verði röddum niðurskurðar að bráð. Þökk sé einstaklega útbreiddu og sterku tónlistarskólakerfi er nóg til af ungu hæfileikaríku tónlistafólki hér á landi. Með réttu viðhorfi og elju væri hægt að efla tónlistarkennaranám til muna sem ekki bara myndi bæta úr kennaraskorti en einnig sjá til þess að nemendur tónlistaskólanna skiluðu sér sem heildstæðir tónlistarkennarar með sterkan grunn, hvort sem það væri til að kenna á eitt eða mörg hljóðfæri.

Tónlistin er eitthvað sem tengir okkur mannfólkið saman og er því mikilvægur partur af blómlegu samfélagi. Tækifæri til þess að leggja stund á tónlistarnám er því eitthvað sem öll, sem þess kjósa, eiga að fá tækifæri til. Kennarar sem kenna á hljóðfæri hvort sem þau kunna á þau eða ekki, eru því að gefa nemendum sínum færi á að kynnst tónlist í samræmi við þeirra eigin áhuga. Án þessa færu mögulega margir á mis við tónlistarnám. Ef kennarar vanda til verka, eru tilbúnir að leggja á sig dálitla vinnu og fyrirhöfn, er ekkert því til fyrirstöðu að nemendurnir blómstri. Jafnvel þótt kennarinn hafi engan grunn á hljóðfærið.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Bamford, Anne. *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011.

Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Rúnar Sigurþórsson. Niðurstöður funda á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2019, Viðauki um tónlistarskóla. 1.október 2020.

Flick, Uve. *An Introduction to Qualitative Research*. 3. útg. London: Sage, 2006.

Freyja Gunnlaugsdóttir. „Framhaldsmenntun í tónlist á Íslandi. Þróun, framtíð og stefna.“ Meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2015. Sótt af:
<http://hdl.handle.net/1946/21212>

Kvale, Svend og Brinkmann, Steinar. (2016) *Interviews: Learning the Craft of Qualitative Research Interviewing*. 3. útg. Los Angeles: Sage, 2006.

Menntamálaráðuneytið. *Aðalnámskrá tónlistarskóla - Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2000.

Vefheimildir:

„Djúpavogsskóli,“ Djúpavogsskóli, sótt 21. apríl 2024,
<https://www.djupavogsskoli.is/tonlistarskolinn>.

„Listaháskóli Íslands.“ Listaháskóli Íslands. Sótt 7. maí 2024. <https://www.lhi.is/um-lhi/>

„Listaháskóli Íslands.“ Listaháskóli Íslands. Sótt 9. maí 2024.
<https://www.lhi.is/namsframbood/?search=skapandi%20tonlistarmidlun>

„Sveitarfélagið Hornafjörður,“ Sveitarfélagið Hornafjörður, sótt 21. apríl 2024,
<https://www.hornafjordur.is/thjonusta/born-og-menntun/tonlistarskoli/namid/>.

„Tónlistarskólinn á Egilsstöðum.“ Tónlistarskólinn á Egilsstöðum. sótt 21. apríl 2024.
<https://tonegilsstodum.fljotsdalsherad.is/is/nam-i-bodi>

„Tónlistarskólinn í Fellabæ,“ Tónlistarskólinn í Fellabæ, sótt 21. apríl 2024,
<https://tonfellabae.fljotsdalsherad.is/is/foreldrar>.

„Vopnafjarðarhreppur,“ Vopnafjarðarhreppur, sótt 21. apríl,
<https://vopnafjardarhreppur.is/thjonusta/menntun/tonlistarskoli>.

Viðtöl:

Berglind Halldórsdóttir. 2024. Viðtal höfundar við Berglindi Halldórsdóttur,
hljóðfærakennara, um hljóðfærakennslu, tekið 12. febrúar.

Charles Ross. 2024. Viðtal höfundar við Charles Ross, hljóðfærakennara og tónskáld, um
hljóðfærakennslu, tekið 18. mars.

Sigurlaug Björnsdóttir Blöndal. 2024. Viðtal höfundar við Sigurlaugu Björnsdóttur
Blöndal, hljóðfærakennara, um hljóðfærakennara, tekið 10. mars.

Sóley Þrastardóttir. 2024. Viðtal höfundar við Sóleyju Þrastardóttur, Skólastjóra tónskóla,
hljóðfærakennslu, tekið 18. mars.